

af hendi hins stefnda, hefur flutningur þess verið lög-  
mætur.

Því dæmist rjett að vera :

Að því, er snertir kröfu áfrýjandans Jóhanns Jóhanssonar um bætur fyrir skapraun og óvirðingu, á dómur undirrjettarins ómerkur að vera, og vísast kröfunni frá undirrjettinum. Að öðru leyti á dómur undirrjettarins óraskaður að standa. Áfrýjandinn greiði 20 krónur í málsfærslulaun til hins skipaða svaramanns hins stefnda fyrir yfirdóminum, málaflutningsmanns Guðmundar Pálssonar innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, undir aðför að lögum.

Nr. 12/1876:

Hið opinbera

gegn

verzlunarstjóra Fr. Sørensen m. fl.

D ó m u r.

Mál þetta er höfðað í hjeraði af hálfu hins opinbera gegn þeim, Fr. Sørensen, verzlunarstjóra, Páli Pálssyni, Gísla Pjeturssyni og Sigurði Sigurfinnssyni fyrir helgidagsbrot, og eru þeir hinir fyrst nefndu dæmdir fyrir aukarjetti Vestmannaeyjasýslu 19. aprílmán. f. á. í 1½ krónu sekt hver til sveitarsjóðs Vestmannaeyja og til að greiða málskostnað in solidum, en að því, er snertir Sigurð Sigurfinnsson, fjell málið niður, þar eð hann gekkst undir að borga sekt að áskildu samþykki amtsins. Þessum dómi er af hálfu hins opinbera áfrýjað til yfirdómsins.

Með vitnaskýrslum þeim, sem fram eru komnar í málinu, og sem skýrslu Sigurðar Sigurfinnssonar ber sam-

an við, má álíta það löglega sannað, að hinir ákærðu hafi verið á fuglaveiðum um messutímamann, sunnudaginn 11. apr. f. á., og að þeir Fr. Sörensen og Páll Pálsson hafi skotið nokkra fugla; en skýrsla sjálfra þeirra um brotið fjekkst ekki, þar sem enginn þeirra mætti fyrir rjettinum, nema Sigurður. Undirdómarinn hefur nú álitnið, að þeir allir þrír hafi verið löglega kallaðir til að mæta fyrir rjettinum, og að málið því eigi að dæmast samkvæmt L. 1—4—32, og yfirdómurinn verður að aðhyllast þá skoðun undirdómarans, að því er snertir hinn kærða Fr. Sörensen, því þó hið fyrra fyrirkallið, sem var birt öllum hinum kærðu, að eins hljóðaði um, að þeir ættu að mæta «á lögreglupingi, sem haldið yrði í tilefni af frömdu helgidagsbroti», þá var honum seinna birt fyrirkall, þar sem með berum orðum er sagt, að mál sje höfðað gegn honum fyrir framið helgidagsbrot, og að í því máli muni verða upp kveðinn dómur. Að því, er aptur snertir hina kærðu Pál Pálsson og Gísla Pjetursson, sem hið síðar nefnda fyrirkallið ekki var birt, af því að þeir þá voru komnir burt úr eyjunum, og ekki áttu þar neitt lögheimili, þá getur yfirdómurinn ekki álitnið, að þeir hafi fengið nægilega aðvörun til þess, að dómur verði upp kveðinn yfir þeim út af broti þeirra. Að því, er þá snertir, verður því ekki komizt hjá að dæma undirrjettardóminn ómerkan, en að því, er snertir brot hins kærða Fr. Sörensens, virðist hegningin samkvæmt tilsk. 28. marz 1855 §§ 5 og 10, og þegar sjerstaklega er haft tillit til þess, að brotið var framið um sjálfan messutímamann, hæfilega metin 10 króna sekt til hlutadeigandi sveitarsjóðs, eins og honum einnig ber að greiða allan kostnað af málinu, þar á meðal málsfærsluþau þil sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 10 krónur til hvors,

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus, og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum lögmaet.

Því dæmist rjett að vera:

Að því, er snertir hina kærðu Pál Pálsson og Gísla Pjetursson, á undirrjettardómurinn ómerkur að vera. Hinum kærða verzlunarstjóra Fr. Sörensen ber að greiða 10 króna sekt til sveitarsjóðs Vestmannaeyja og borga allan löglegan kostnað af máli þessu, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svara-manns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Guðmundar Pálssonar og Páls Melsteðs, 10 krónur til hvors.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 14/1876:

Rjettvísín

gegn

Guðmundi Guðmundssyni.

D ó m u r.

Með eigin játningu hins ákærða Guðmundar Guðmundssonar og öðrum skýrslum, sem fram eru komnar undir rekstri málsins, er það löglega sannað, að hann í fyrra, þegar hann var vinnumaður hjá Jensen bakara hjer í bænum, hafi opt sinnis stolið hveitibrauði úr sölubúð hans, og sömuleiðis 4 sinnum peningum úr op-inni peningaskúffu í búðinni, en aldrei nema nokkrum aorum, mest 50, í senn. Enn fremur stal hann 18. nóvembermán., þegar Jensen, sem sefur í öðru húsi, var háttaður, peningum úr kómmóðuskúffu, sem lykillinn stóð í, í íveruherbergi Jensens, en það er innar af búðinni. Hinn ákærði segist ekki hafa talið peningana,